

## Verklag við útgáfu lyfjaverðskrár

Fyrir 1. hvers mánaðar þarf að sækja um birtingu á nýjum lyfjum sem eiga að birtast um þar næstu mánaðarmót. Dæmi: Sótt er um birtingu í síðasta lagi 30 nóvember ef birting á að vera 1. janúar.

Fyrir 5. hvers mánaðar þarf að sækja um endurbirtingu lyfja eftir birgðaskort, sem eiga að birtast um næstu mánaðarmót. Dæmi: Sótt er um endurbirtingu 5. desember ef endurbirting á að vera 1. janúar.

1. til 10. hvers mánaðar geta aðilar sett inn verðlækkanir á umboðsmannaverðum sem eiga að birtast í lyfjaverðskrá næsta mánaðar. Á sama tíma eru ný lyf á markað yfirfarin.

11. til 12. tilkynnt á vef stofnunarinnar hvaða lyf hafa óskað eftir birtingu í lyfjaverðskrá næsta mánaðar.

11. til 23. starfsmenn stofnunarinnar skrá í lyfjaverðskrá ýmsar breytingar, ný lyf og ný undanþágulyf.


15. hvers mánaðar eða næsta virka dag á undan er tekinn út listi á vef Sjúkratrygginga Íslands - <https://gg.sjukra.is/bidlistilyfja> - yfir þau lyf sem hafa verið skráð með birgðaskort lengur en 90 daga og verða þau lyf felld úr lyfjaverðskrá vegna birgðaskorts næstu mánaðarmót á eftir. Dæmi: Listi tekinn út 15. nóvember og lyfin felld úr lyfjaverðskrá 30. nóvember.

15. til 17. Listi yfir þau lyf sem verða afskráð vegna birgðaskorts birtur á vef Lyfjastofnunar.

19. til 21. Lyfjaverðskrárgengi reiknað og sett á vef Lyfjastofnunar.

23. til 24. Lyfjaverðskrá gefin út ásamt viðmiðunarverðskrá. Birt á vef Lyfjastofnunar ásamt lista yfir helstu breytingar.

## Ferill vegna birtinga lyfja í lyfjaverðskrá



**Lyfjaverðskrá gefin út og birt á heimsíðu LGN  
23.-24. dag mánaðar.**